Eftirrit

Í nótt dreyndi mig: Ég var staddur í stórum sal. Eitthvad var þar fleira af fólki. Rétt innan dyra sá ég standa sr. Ólaf Sæmundsson sem prestur var í Hraungerdi og var hann niðursokkinn að lesa bók. Þá kom inn sr. Gísli Skúlason sem prestur var í Stokkseyrarprestakalli og sat á Stórahrauni. Fljótlega vék hann sér að stótterbróður sínum, leit í bókina og sagði með glettni „Ertu að lesa skáldsögu?", rétti að honum fulla viskýflösku og sagði: „viltu ekki fá þér sopa". Þá leit sr. Ólafur upp með reiði svip, en sagði ekkert.

Í þessum svifum sá ég Magneu Einarsdóttur húsfreyju frá Bróðratungu, Stokkseyri. Suntímis sá ég hana standa teinrétta, íklædda sínum bestu fötum og um leið í vöggu eða öðru litlu farartæki á hjólum. Hún leit til mín blíð og brosandi og sagði: „Góði, komdu mér eitthvad þangad sem ég er ekki fyrir". Ég sá hóp af fólki, sem myndaði leina frammlínu þar sem þad stóð, ýtti kerrunni þar uppað, og hagræddi henni medfram fólksröðinni. Sem ég hef lokið þessu, sé ég að gólfið hallast, og gat verið hætta á að kerran rinni til. Ég laut niður og hugsaði um band til að festa kerruna með. Er þá rétt að mer logagilt snúra, ekki fjarri pundslínu að gildleika, og tatt ég með henni hjól kerrunnar við eitthad sem þorna var fast. Sé ég þá líkkistu á gólfinu og er Magnea að tosa í hana, að hún ekki rinni til.

Er þar þá kominn maður Magneu, Árni Tómasson og segir nokkuð hvatlega: „Bittu í kistuna, og

vertu ekki með neum helvítis hégómaskap".
Ég vaknaði - - -
Magnea er á líkbörunum og á að jarða hana á Stokkseyri á morgun

Holti, 28. desember 1975
Sigurgr. Jónsson.

Séð þann 28. desember 1975
Anna Guðrún Björnsdóttir,
Holti
Sigríður Harðardóttir,
Holti.
Unnur Harðardóttir,
Holti

— " —

Frumritið sent Guðrúnu Árnadóttur Stam
1. 9. 1976

S. J.